



Fundargerð 27. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 19. desember 2023 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn:

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Kolbrún Vignisdóttir (KV) varamenn.

AS ritaði fundargerð.

1. Ársþing FIA í Baku

TMP greindi frá því helsta sem fram fór á þinginu sem hann sótti:

Áberandi var að mæting var fremur dræm, og túlka það sumir sem mótmæli við staðsetningu, en þingið gekk vel málefnalega. TMP mun deila skriflega með stjórn á næstunni helstu málefnum og niðurstöðu þeirra.

2. FIA Sporting Commissions 2024-2025

Samkvæmt bréfi frá FIA er frestur aðildarsambanda til að tilnefna aðila í **2024-2025 FIA Sporting Commissions** til 8. janúar næstkomandi, en núverandi ráð sitja út mars 2024. Í dag eru eftirtaldir fulltrúar frá Íslandi í ráðum hjá FIA:

- Tryggvi M Þórðarson í eSport commission,
- Jón Bjarni Jónsson í Drag racing commission,
- Guðný Guðmarsdóttir í Women in motorsport commission og
- Halldór Jóhannsson í Drifting commission.

Ákveðið að TMP muni taka saman yfirlit yfir allar nefndir sem um ræðir hjá FIA og deila með stjórninni. Einnig senda erindi á keppnisráð og aðildarfélög og óska eftir áhugasömum aðilum til að tilnefna.

Málið verði síðan tekið fyrir aftur á stjórnarfundum 2. janúar 2024 og ákveðið með framhaldið.

3. Ársþing AKÍS 2024

TMP leggur til að næsta ársþing AKÍS verði haldið 9. mars 2024 á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan var samþykkt.

TMPupplýsti að hann mun ekki bjóða sig fram til áframhaldandi setu sem formaður.

4. Motorsport Games 2024

Fram hefur komið hugmynd að AKÍS vinni í að finna aðila til að taka þátt í FIA Motorsport Games í Valenciana á Spáni í október 2024.

Ákveðið að skipa Halldór Jóhannsson og Kolbrúnu Vignisdóttur í vinnuhóp um málið, sem skili tillögum til stjórnar ekki síðar en 15. febrúar n.k.



5. Smáþjóðaleikar - akstursíþróttir

TMP upplýsti að í óformlegum samtölum í Baku fyrr í mánuðinum hafi komið fram sú hugmynd að koma hermiakstri að sem keppnisgrein á Smáþjóðaleikum.

Næstu leikar verða haldnir 2025 í Andorra og tók stjórn jákvætt í að styðja Akstursíþróttasamband Andorra í að fá greinina tekna þar inn.

6. Sniðmát vegna fjölmiðlunar

Drög að sniðmáti eru ekki tilbúin eins og til stóð og lofað hafði verið af lögfræðingi sem ætlaði að útbúa skjalið.

Ákveðið að TMP þrýsti á viðkomandi lögfræðingi að skila umbeðnu sniðmáti fyrir lok janúar 2024, byggt á umræðu sem fram fór á fundinum.

7. Starfsmaður sambandsins

Störfum Björgvins Jónssonar lauk 30. nóvember s.l. í samræmi við ráðningarsamning.

TMP óskar eftir heimild stjórnar til að semja við Björgvin um lok á nokkrum málum, s.s. skýrslugerð, og var hún veitt.

Rætt var um hvort og hvernig staðið verður að ráðningu á nýjum starfsmanni. Fram kom sú hugmynd að auglýsa ekki endilega heldur ráða aðila sem væri vel inni í akstursíþróttum. Ákveðið að taka málið fyrir og ákveða um framhald þess á fundi stjórnar 2. janúar.

8. Önnur mál

Keppnisgreinareglur fyrir 2024 - AS vakti athygli á að til regluráðs hafa ekki borist uppfærðar reglur fyrir næsta ár frá keppnisráðum í drifti og torfæru. HJ og SIS ganga í málið.

Næsti fundur 2. janúar 2024 kl. 19.30

Fundi slitið kl. 21.15